

að sjálfsögðu ekki í neinu sambandi við slysið. Bætur samkvæmt þessum kröfulið geti vart farið fram úr kr. 10.000.00.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 25.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 675.000.00 (kr. 500.000.00 + 150.000.00 + kr. 25.000.00) auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með-dómsmönnum Einarí B. Kristjánssyni húsasmíðameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Hefur dómsuppsaga dregið nokkuð um venju fram vegna páskahelginnar og þess, að mál þetta er all umfangsmikið.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, kr. 675.000.00 auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af kr. 675.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1958.

Nr. 176/1955. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)

gegn

John Oliver Emmons (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Varðskipið Þór kom að togara ákærða kl. 00.07 hinn 28. október 1955. Var togarinn þá að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Varðskipsmenn settu samtímis út dufl við aftur-

enda togarans. Jafnframt var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Bjargtangar miðast í réttvísandi 359° , fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm., dýpi 76 m.

Nokkru síðar gerðu yfirmenn varðskipsins aðra staðarákvörðun við duflið í viðurvist ákærða. Var hún sem hér segir: Bjargtangar miðast í réttvísandi 359° , fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. Dýpi 76 m.

Miðanir varðskipsins voru gerðar með gyro-áttavita og tveimur ratsjám til samprófunar. Fjarlægðarmælingar voru gerðar með ratsjám. Ratsjárnar voru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum. Höfðu þær verið settar í skipið í lok janúar 1955.

Eftir að máli þessu hafði verið áfrýjað, þótti Hæstarétti nauðsyn bera til að sannreyna á sem rækilegastan og trygglegastan hátt nákvæmni framangreindra ratsjártækja varðskipsins. Til þess starfs voru dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radiódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla.

Hinir dómkvöddu menn fóru á varðskipinu Þór út á Faxaflóa og framkvæmdu þar ýmsar mælingar. Mælt var til landmiða á ýmsum fjarlægðum með báðum ratsjám varðskipsins, og voru ratsjarmiðin valin þannig, að þau væru ótvíræð, Samtímis ratsjarmælingunum var skipið staðsett með sextantmælingum og staðarmælingarnar merktar á sjókort. Síðan var gerður samanburður á fjarlægðum til mælistaðanna, annars vegar fundnum með ratsjarmælingum og hins vegar með sextantmælingum og gerðar töflur yfir útkomuna.

Samkvæmt þeim töflum reyndist mesta fjarlægðarskekkja í 10 sm. kvarða Kelvin-Hughes ratsjárinnar + 3% og á 10 sm. kvarða Decca ratsjárinnar + 2%. Samtímis fannst á Kelvin-Hughes ratsjanni frá -0.3° til $+0.7^\circ$ miðunarskekkja í sem næst 9 sm. fjarlægð og á Decca ratsjanni frá -1.5°

til — 3° miðunarskekkja í 3 sm. fjarlægð. Þá var Deccaratsjáin prófuð sérstaklega á 25 sm. kvarða. Reyndist fjarlægðarskekkja á þann kvarða — 0.2%, en miðunarskekkjur frá — 2° og til — 2.6° í sem næst 13 sm. fjarlægð.

Skiphera varðsupsins markaði báðar staðarákvarðanirnar á sjókort það, sem lagt var fram í héraðsdómi, þ. e. annars vegar samkvæmt miðun til Bjargtanga réttvisandi 359° og fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og hins vegar miðað við fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. Samkvæmt þeirri mörkun féllu báðar staðarákvarðanirnar í sama punkt, sem sýndi stað duflsins 0.9 sm. innan fiskveiðimarkanna. Var þá ekki gert ráð fyrir neinum skekkjum í miðun eða fjarlægðarmælingum.

Með nýjum mörkunum á sjókort eftir uppsögu héraðsdóms, sem gerðar voru annars vegar af Friðriki V. Ólafssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, og hins vegar hinum dómkvöddu mönnum, Jónasi Sigurðssyni og Ingólfi Þórðarsyni, var leitt í ljós, að staðarákvörðun samkvæmt fjarlægðarmælingunum til Bjargartanga og Skorar sýndi stað duflsins nokkru innan og nær landi en staðarákvörðun samkvæmt miðun til Bjargtanga og fjarlægð frá Bjargtöngum. Var þá Friðrik V. Ólafssyni skólastjóra falið að reikna út hnattstöðu duflsins, bæði samkvæmt staðarákvörðunum varðsupsins óbreyttum og einnig miðað við mestu skekkjur, sem fundust við áðurgreindar athuganir, og enn fremur miðað við 5% skekkjur á fjarlægðarmælingum. Skyldu umræddar hámarksskekkjur vera látnar koma fram bæði + og —, þ. e. ákærða bæði í óhag og í vil. Niðurstöður af hnattstöðu-útreikningi skólastjórans, sem hann markaði með sama hætti á tvö sjókort, nr. 41 og nr. 42, eru sem hér segir:

A. Staður duflsins samkvæmt miðun til Bjargtanga réttvisandi 359° og fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. reyndist um 0.8 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókort nr. 41, en um 0.9 sm innan sömu marka á sjókort nr. 42.

B. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með + 3° miðunarskekkju, reyndist um 0.3 sm innan fisk-

veiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 0.4 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

C. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með — 3° miðunarskekkju, reyndist um 1.3 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 0.4 sm innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

D. Staður duflsins samkvæmt fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. reyndist um 1.2 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 1.3 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

D1. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með + 5% fjarlægðarskekkju á notuðum (25 sm.) mælikvarða ratsjárinnar, reyndist um 0.2 sm. innan fiskveiðimarkanna bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

D2. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með — 5% fjarlægðarskekkju reyndist um 2.4 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 2.5 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

Með því að talið var hugsanlegt, að mismunur sá, sem fram hafði komið á staðsetningum við markanir á sjókort, kynni að stafa af því, að pappír í kortunum hefði orpizt í prentun, var aflað nýrra korta nr. 41 og nr. 42, sem víst þótti um, að ekki hefðu slíkan annmarka. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri markaði staðarákvarðanirnar á sjókort þessi og fylgdi þar sömu reglum og um áðurgreindar markanir samkvæmt hnattstöðuútreikningi. Reyndust allir staðir eftir þessari nýju mörkun innan fiskveiðimarkanna, svo sem hér segir:

Staður A um 0.9 sm., bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

Staður B um 0.4 sm. á sjókorti nr. 41, en um 0.3—0.4 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður C um 1.4 —1.5 sm. bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

Staður D um 1.2 sm. á sjókorti nr. 41, en um 1.2—1.3 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður D1 um 0.1 sm. á sjókorti nr. 41, en um 0.1—0.2 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður D2 um 2.4 sm. á sjókorti nr. 41, en um 2.4—2.5 sm á sjókorti nr. 42.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 4. marz 1958 voru í saka-dómi Reykjavíkur hinn 6. s. m. dómkvaddir þeir Friðrik V. Ólafsson skólastjóri, Páll Ragnarsson sjómælingamaður og Sigurður Þorkelsson yfirverkfræðingur til að láta uppi álit um atriði þau, sem greinir í úrskurði Hæstaréttar. Er álits-gerð þeirra dagsett 17. marz 1958.

Fyrra atriðinu í úrskurði Hæstaréttar svara hinir dóm-kvöddu menn þannig, að þegar um sé að ræða annars vegar staðarlínu, fundna með ratsjármiðun til staðar A í sambandi við Gyro-áttavita, og hins vegar staðarlínu, fundna með rat-sjáfjarlægð til sama staðar, muni yfirleitt færri líkur fyrir skekkjum í staðarlínunni, sem fundin er með ratsjáfjar-lægðinni, en í þeirri, sem fundin er með ratsjármiðun.

Síðara atriðinu, þ. e. öryggi mælinga varðskipsins frá sigl-ingafræðilegu sjónarmiði, svara hinir dómkvöddu menn á þá leið, að mismunur sá, um 0.4 sm., sem kemur fram í stað-arákvörðun varðskipsins, annars vegar samkvæmt miðun til Bjargtanga (Látrabjargs) og fjarlægð frá Bjargtöngum og hins vegar samkvæmt fjarlægðarmælingum til Bjargtanga og Skorar, samsvari því, að annaðhvort geti verið um að ræða kringum 2° skekkju í miðuninni til Bjargtanga eða 1.6% skekkju af notuðum ratsjarmælikvarða í fjarlægðinni til Skorar. Enda þótt þeir áliti, að misræmi þetta skiptist með einhverju móti milli beggja þessara mælingaraðferða, þá telji þeir hvoruga skekkjuna, 2° í miðun eða 1.6% í fjar-lægð, það mikla út af fyrir sig, að þær geti talizt óeðlilegar eftir ástæðum. Samkvæmt þessu kveðast hinir dómkvöddu menn telja staðarákvarðanir varðskipsmanna viðhlitandi frá siglingafræðilegu sjónarmiði.

Samkvæmt því, að framan er rakið, verður að telja, að stað-arákvarðanir varðskipanna veita örugga sönnun fyrir því, að togari ákærða hafi verið innan fiskveiðimarkanna, er varðskipið kom að honum á fyrrgreindum tíma. Sannað er og, að hann var að veiðum. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3 gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 17.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 29. október 1955.

Ár 1955, laugardaginn 29. október, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins á Patreksfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 14/1955: Ákærvaldið gegn John Oliver Emmons, sem tekið var til dóms í dag.

Ákærði er John Oliver Emmons, skipstjóri á brezka togaranum Pataudi, GY 104, til heimilis í 6 Twining Place, Chleethorpes í Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 frá 8. des. 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara föstudaginn 28. október 1955, um kl. 00.07, suður af Bjargtöngum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo

og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. desember 1899 að Wallingford, Berkshire, Englandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, og eiðfestum framburði þriggja stýrimanna varðsupsins, eru málavextir þessir:

Fimmtudagskvöldið 27. október 1955 var varðskipið Þór í eftirlitsferð suður með Bjargtöngum. Kl. 23.30 sást alljósaður togari, er virtist vera nokkuð innan fiskveiðitakmarkanna. Var þá haldið til hans. Klukkan 00.07 eftir miðnætti þann 28. október var stöðvað fast við afturenda nefnds togara, er var að toga með stjórnborðsvörpu. Strax var sett út ljósdufl og togaranum sagt að nema staðar. Um leið var gerð eftirgreind staðarákvörðun: Bjargtargar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð 11,0 sjómílar, dýpi 76 metrar, er gefur stað duflsins 0,9 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna.

Þótt togarinn hefði fengið fyrirmæli um að stöðva, gerði hann það ekki.

Kl. 00.27 var skotið aðvörunarskoti að togaranum, og stöðvaðist hann þá og byrjaði að vinda inn vörpu sína.

Síðan var skipstjóri togarans sóttur og honum tilkynnt, að hann hefði verið að landhelgisveiðum. Skipið reyndist vera togarinn Pataudi, GY 104, frá Grimsby, skipstjóri Oliver Emmons.

Í viðurvist skipstjóra togarans var gerð eftirgreind staðarákvörðun við duflið:

Bjargstargar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð 11.0 sjómílar. Og fjarlægð í Skor 15 sjómílar, dýpi 76 metrar, en gaf sama og áður.

Skipstjóri togarans viðurkennir mælingarnar réttar og einnig, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, án þess þó að hafa vitað það.

Skipstjóranum var þá tilkynnt, að farið yrði með hann til dómara og óskaði hann eindregið eftir að fara til Patreksfjarðar. Einnig var honum boðið að bíða birtu, en hann vildi fara inn strax og ljúka málinu.

Skipstjórinn lét þess getið, að hann teldi ratsjá sína ekki í góðu lagi.

Síðan var duflið tekið upp og haldið af stað klukkan 03.23.

Veður var: V 6. Sjór V 4. Skúrir. Klukkan 06.48 var komið til Patreksfjarðar.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu skipstjórans rétta í öllum greinum, en heldur því fram, að sér hafi alls ekki verið það ljóst, þegar varðskipið kom að togaranum, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna. Ratsjá hans var í ólagi og hann hafði aðeins seguláttavita í brúarpakinu. Mælingar hans um borð í togaranum gáfu því nokkuð aðra staðarákvörðun en mælingar, sem gerðar voru um borð í varðskipinu með fullkomnari áhöldum, gyroáttavita og tveimur ratsjám.

Það þykir því sannað með skýrslu skipherrans á varðskipinu, eiðfestum framburði stýrimanna varðskipsins, sem í öllum greinum eru samhljóða skýrslunni, og viðurkenningu ákærða á því, að mælingarnar um borð í varðskipinu séu réttar, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að botnvörpuveiðum 0,9 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 422,17 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Pataudi, GY 104, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Jóhann Skaptason sýslumaður og meðdómsmennirnir Gísli Bjarnason skipstjóri og Kristján Júlíus Ólafsson stýrimaður.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Pataudi, GY 104, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.